

✉ Re: Ósk um umsögn, Sogsvirkjanir H20 og H22 - askrb. 1811018 -

Búið til	19.11.2021 15:11:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	19.11.2021 15:11:13
Tilheyrir	 202110-0009 - Sogsvirkjanir H20 og H22 - askrb. 1811018 - ósk um umsögn

Efni

Re: Ósk um umsögn, Sogsvirkjanir H20 og H22 - askrb. 1811018 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	19.11.2021 15:11:13	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202110-0009 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., dags. 7. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagsbreytingu vegna Sogsvirkjana í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 23. apríl 2021. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsgögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögur sem ná yfir Írafossstöð, Ljósafossstöð og Steingrímsstöð. Breytingin felur í sér staðfestingu á núverandi landnotkun og nær einnig utan um áform um nýtt tengivirkihús við Írafoss og vetnisstöð við Ljósafossstöð, sem og áform um niðurrif á háspennulínu og nokkrum eldri húsum. Svæði sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði mun stækka og koma í stað svæðis sem skilgreint er fyrir íbúabyggð og er það vegna breyttra forsenda um notkun svæðisins.

Ekki er um umfangsmiklar breytingar að ræða sem fela í sér stórfelldar framkvæmdir en þó er gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum á grónu landi og einnig þarf að leggja mat á áhrif af rekstri nýrrar vetnisstöðvar.

Mikilvægast er að mati Náttúrufræðistofnunar að lagt sé mat á möguleg áhrif á lífríki og vatnafar Sogsins og nánasta umhverfi þess. Á landi er einkum um raskað eða manngert umhverfi að ræða sem verður fyrir breytingum þó eitthvað af náttúrulegu gróðurfari raskist á vesturbakka Sogsins, sérstaklega við Írafoss.

Sogið er vatnsmesta lindá landsins og með mjög hátt verndargildi enda á núgildandi náttúruminjaskrá vegna fuglalífs og gróðurfars og tilheyrir stærra svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir framkvæmdaáætlun (B-hluta) næstu náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/greinar/su-sogid-thingvallavatn>) (<https://www.ni.is/greinar/su-sogid-thingvallavatn>). Svæðið er tilnefnt á B-hluta vegna fuglalífs en talsvert fuglalíf er þar árið um kring, einkum á veturna þegar það telst vera alþjóðlega mikilvægt fyrir húsönd og gulönd. Fjöldi annarra andfugla dvelja þar einnig yfir veturinn og má þar nefna álft, stokkönd, skúfönd, duggönd, toppönd og hvinönd. Svæðið er auk þess alþjóðlega mikilvægt fyrir himbrima yfir varp- og fartímann en þeir eru aðallega á Þingvallavatni og efri hluta Sogsins. Þá eru hafarnir algeng sjón við Sogið að vetri til en þeir urpu á þessum slóðum hér áður fyrr. Mikið straumandarvarp var áður við Sogið, sérstaklega Efra-Sog, en það hvarf að mestu í kjölfar vatnsaflsvirkjana.

Við allar framkvæmdir þarf að huga að því vandlega að komið sé í veg fyrir neikvæð áhrif á fuglalíf og annað lífríki Sogsins. Fylgja skal ákvæði 62. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um vernd bakkagróðurs, en bakkagróðurinn er ekki síður mikilvægur fyrir endur og aðra fugla sem dvelja við Sogið. Huga þarf að því hvort hætta sé á aukinni ljós- og hljóðmengun frá nýjum mannvirkjum. Lítil hætta er talin stafa af efnislosun frá vetnisstöðinni en tryggja þarf eftirlit með að svo sé.

Mikilvægt er að áætluðum úrbættum á frárennsli sé fylgt eftir. Samkvæmt ástandsflokkun vatnshlota sem unnin var undirbúning Vatnaáætlunar 2022-2027, eru vatnsgæði í Soginu metin ásættanleg. Hins vegar voru vatnsgæði Ölfusár flokkuð í óvissu vegna saurkólímegngunar og því mikilvægt að gætt sé þess að vatnsgæði í vatnsföllum sem renna í Ölfusá eins og Sogið haldist áfram góð.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum ef svo ber undir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is"

<axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG"

<rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Þingvellir - TAT" <thingvellir@thingvellir.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; "Ásta Stefánsdóttir Bláskógabyggð" <asta@blaskogabyggd.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn, Sogsvirkjanir H20 og H22 - askrb. 1811018 -

Date: 7.10.2021 15:14:25

Sæl verið þið

Óskum eftir umsögnum ykkar á meðfylgjandi aðalskipulagsbreytingu vegna Sogsvirkjana í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breytingin er í auglýsingu frá 6. október til 19. nóvember 2021.

Sjá bókun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 18.8.2021:

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Sogsvirkjana eftir kynningu. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 falla stöðvarnar þrjár og háspennulína í tengslum við virkjanir undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðasvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúruminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsbreytingar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Sogsvirkjana í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (http://www.sbf.is/)

Viðhengi

image001.png (5 KB)